

Alþingi
Erindi nr. B 140/467
komudagur 24.11.2011

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2012 (12 Efnahags- og viðskiptaráðuneyti).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fjárlaganefnd óskaði eftir álitum efnahags- og viðskiptanefndar á þeim hluta fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2012 sem er á málefna sviði nefndarinnar fyrir 17. nóvember, sbr. erindi sem sent var nefndarmönnum í efnahags- og viðskiptanefnd á tölvupósti 7. nóv. sl.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pál Gunnar Pálsson, Rögnvald Jóhann Sæmundsson, Benedikt Árnason og Sonju Bjarnadóttur frá Samkeppniseftirlitinu og Gunnar Andersen, Ingibjörgu Stefánsdóttur, Lindu Kolbrúnu Björgvinsdóttur, Hjálm Nordal, Brynjar Harðarson, Tómas Brynjólfsson og Gísli Kjartansson frá Fjármálaeftirlitinu.

Heildarútgjöld efnahags- og viðskiptaráðuneytisins árið 2012 eru áætluð 3.833 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 112 millj. kr. sem nema 2,9% af heildarútgjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 3.721 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 1.696 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.025 millj. kr. innheimtar af ríkistekjum.

Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir að ríkisútgjöld næsta árs verði dregin saman um 8,6 milljarða kr. og þar af skerðist framlög til almennrar stjórnsýslu og þjónustu um 3% en til velferðarmála um 1,5%. Efnahags- og viðskiptaráðuneytið og undirstofnanir sem undir það heyra koma samkvæmt því til með að spara sem nemur 3% af veltu fjárlaga 2011. Helstu stofnanir sem heyra undir ráðuneytið eru Fjármálaeftirlitið, Hagstofa Íslands, Samkeppniseftirlitið og Einkaleyfastofa en fyrstnefnda stofnunin og síðasttalda fjármagna starfsemi sína af mörkuðum tekjum.

Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins og Samkeppniseftirlitsins komu á fund nefndarinnar til að ræða fjárhagsramma sinna stofnana fyrir næsta ár en samkvæmt fjárlagafrumvarpinu á fjárveiting til Fjármálaeftirlitsins að nema 1.387 millj. kr. á næsta ári, sem er hækkun um 60 millj. kr. frá fyrra ári, og 325,8 millj. til Samkeppniseftirlitsins, sem er hækkun um 11,5 millj. kr. frá fyrra ári. Hækkunir skýrast aðallega af launa og verðlagsbreytingum. Hagræðingaráform ríkisstjórnarinnar gera ráð fyrir að rekstrarútgjöld Fjármálaeftirlitsins skerðist um 40 millj. kr. en 9,4 millj. kr. í tilviki Samkeppniseftirlitsins. Af hálfu fulltrúa umræddra stofnana var á það bent að sérstakar aðstæður í atvinnulífnum í kjölfar hrunsins hefðu haft í för með sér aukið verkefnaálag.

Fulltrúar Samkeppniseftirlitsins vísuðu til fjárlagaerindis stofnunarinnar frá mars á þessu ári þar sem lagt er til að framlög aukist um 105 millj. kr. í ljósi þess að almennt verkefnaálag hefði aukist um 30%. Þar af stæði til að 30 millj. kr. yrði ráðstafað í sérstakar aðgerðir til að hraða endurreisn atvinnulífsins, 35 millj. kr. í aðgerðir til að hraða mikilvægustu rannsóknum eftirlitsins og 40. millj. kr. vegna aukningar í almennu samkeppniseftirliti að öðru leyti í framhaldi af bankahruninu. Fulltrúar Fjármálaeftirlitsins afhentu yfirlit yfir rekstraráætlun 2012 þar sem m.a. kemur fram að núverandi fjöldi starfsmanna sé 117 og að

til skemmri tíma sé þörf á að fjölga þeim um 26 en að óbreyttu verði áætlaður fjöldi starfsmanna í árslok 2015 kominn niður í 104.

Meiri hlutinn gerir ekki athugasemdir við tillögur fjárlagafrumvarpsins um fjárveitingar til málaflokka efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Bent skal á að samkvæmt fjárlögum ársins 2011 nam fjárveiting til Fjármálaeftirlitsins tæplega 1.330 millj. kr., sem var rúmlega 300 millj. kr. hækkun frá fyrra ári, og á fjáraukalögum 2011 komu 310 millj. kr. til viðbótar. Fjárheimildir Samkeppniseftirlitsins samkvæmt fjárlögum þessa árs námu tæpum 315 millj. kr., sem var tæplega 30 millj. kr. hækkun frá fyrra ári.

Alþingi, 24. nóvember 2011.
Helgi Hjörvar, form.,
Þráinn Bertelsson,
Lilja Rafney Magnúsdóttir,
Oddný G. Harðardóttir,
Amal Tamimi.